



Þurfum að geta stigið skref í átt til breytinga

Aldís Hafsteinsdóttir
formaður stjórnar Sambands íslenskra
sveitarfélaga

Stefnumarkandi ákvörðun var tekin af sveitarstjórnarmönnum á aukalandsþingi sambandsins sem haldið var í byrjun september þegar samþykkt var að mæla með því að Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023.

Á landsþingi árið 2018 var samþykkt að sambandið styddi við stækkun og eflingun sveitarfélaga, en jafnframt var þar ákveðið að stefnumótandi ákvarðanir í þeim efnum yrðu ekki teknar nema með aðkomu landsþings. Þess vegna var boðað til aukalandsþingsins núna í september. Það var mál fjölmargra sem ég ræddi við á þinginu að sjaldan ef nokkurn tímann hefðu sveitarstjórnarmenn átt jafn ítarlegar og góðar umræður og þennan dag. Fjölmörgum flötum var velt upp í málefnalegum og góðum umræðum en eðlilega voru ekki allir sammála.

Ég hef ríkan skilning á sjónarmiðum þeirra sveitarstjórnarmanna sem berjast fyrir tilvist sinna sveitarfélaga. Margir telja að saga sameininga fortíðar letji aðra til að fylgja í fótsporin. Að í stórum sameiningum gleymist þeir sem smærri eru eða þeir sem eru fjarri miðkjarna. Þetta sjónarmið er skiljanlegt og því er ábyrgð sveitarstjórnarmanna mikil þegar kemur að skipulagi nýrra sveitarfélaga.

Í þessu ljósi er áhugavert að fylgjast með þeirri vinnu sem nú fer fram hjá fjórum sveitarfélögum austur á fjörðum sem á næstunni munu kjósa um sameiningu. Þar hefur verið ítarlega fjallað um mikilvægi þess að hin svokölluðu jaðarsvæði missi ekki áhrif við sameininguna. Stefnt er að því að í hverju hinna núverandi sveitarfélaga verði settar upp svokallaðar heimastjórnir sem hafi margvísleg verkefni og völd til afgreiðslu mála, til dæmis hvað varðar skipulagsmál. Er þetta fyrirkomulag nýlunda á Íslandi en gefur góð fyrirheit til framtíðar ef vel tekst til.

Það skipti miklu máli við umfjöllun um tillögur ráðherra að nú þegar hafa verið kynntar tillögur um verulegan stuðning jöfnunarsjóðs við sameiningu sveitarfélaga. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarstjórnarmenn munu fylgja því fast eftir að ríkissjóður leggi fram fé til að fjármagna þann stuðning sem boðaður hefur verið.

Sveitarfélög út um allt land verða að skapa aðstæður til að ungu fólki finnist það velkomið. Það verður að sýna það í verki, m.a. með því að bjóða þjónustu og aðstæður sem það hefur þörf fyrir í nútíma samfélagi. Sterk sveitarfélög geta þetta, en ekki sveitarfélög sem eru í stöðugri vörn.

Til þess að tryggja þetta þurfum við að geta stigið skref í átt til breytinga og morgunljóst að slagkraftur sveitarstjórnarstigsins þarf að aukast.

Við höfum lengi rætt og vitað að einn af þeim möguleikum sem klárlega getur eftir hinar dreifðu byggðir, eru stærri og öflugri sveitarfélög sem eftir geta lífsgæði og búsetuskilyrði á landinu öllu. Sveitarfélög með slagkraft og afl til að mæta áskorunum framtíðar.

Sveitarstjórnarmenn hafa tekið ábyrga afstöðu og kosið með hagsmuni komandi kynslóða og framtíðarinnar að leiðarljósi. Næstu skref eru í höndum alþingismanna. Vonandi ber þeim gæfa til að hafa sömu hagsmuni í fyrirrúmi.